

# Bygging texta



Að skrifa texta

**Inngangur – meginmál - lokaorð**

Oftast er best að velta fyrir sér hugmyndum um hvað við ætlum að skrifa, ef til vill láta hugmyndirnar flæða en enda svo á að setja þær skipulega niður á blað.

Ákveða áður en við byrjum að skrifa um hvað á nákvæmlega að fjalla og í hvaða röð.

# Inngangur

Í upphafi hvers texta á að vera inngangur en hann skiptist í tvennt:

Fyrri hlutinn er almenn kynning á viðfangsefninu.

Seinni hlutinn setur fram kjarna textans, um hvað á nákvæmlega að fjalla í textanum. Þetta kallast að setja fram **efnisyfirlýsingu** eða **efnisyrðingu**.

Inngangurinn er því skrifaður þannig að byrjað er á almennri umfjöllun um efnið en svo þrengt niður í efnisyfirlýsingu.

**Hér er dæmi um inngang  
stuttrar ritgerðar, með  
almenna umfjöllun og  
efnisyfirlýsingu:**




Fáum er í nöp við fegurð. Fagurt umhverfi, fagurt  
mannlíf og fagurt fólk gefur lífinu gildi. En hvers vegna  
er amast við því að ungar stúlkur keppi sín á milli í  
fegurð? Hverjar eru skuggahliðar fegurðarinnar?

# Meginmál

Í meginmáli eru helstu efnisatriðin og skal gæta þess að þau séu í samræmi við innganginn.

Passið ykkur að æða ekki úr einu í annað.

Skipuleggið hugmyndir ykkar fyrirfram og skiptið þeim upp í efnisgreinar með lykilsetningu, meginmáli og niðurstöðu.



# Lokaorð

Lokaorð geta verið á nokkra vegu. Þau geta vísað til texta ritgerðar og dregið saman efni hennar. Svo má líka varpa fram spurningum í lokaorðum og láta lesandanum eftir að svara þeim.

Lokaorð eru oft í tengslum við inngang, þetta tvennt kallast á og helst í hendur við meginmálið.

Munið að það er leiðinlegur ávani að skrifa kveðjuorð seinast í ritsmíðum eins og *endir* eða *búið*, eða persónugera skrifin með orðalagi eins og *það var fróðlegt* eða *gaman að skrifa þessa ritgerð*.

# Bygging ritgerðar

## Flatormurinn


Sú var tíðin að Íslendingar töldu að innflutningur minks gæti bjargað heilum byggðarlögum. Þeir biðu ekki þaðanna, pöntuðu nokkra minka sem innan skamms sluppu úr búrum sínum með ægilegum afleiðingum. En fleiri dýr geta orðið skaðvaldar á Íslandi. Nú er sérstök tegund orma farin að gera usla í nágrenna löndum okkar.

Flatormurinn *Artioposthia triangulata* er nýsjálenskur að uppruna. Hann er u.þ.b. 20 cm langur, brúnn að lit, með gagnsæjar blöðkur á hliðum sem gera hann flatan að útliti. Hann hvílir sig á daginn en fer af stað á nóttunni og leitar ætis. Uppáhaldsmatur hans er ánamaðkar.

Fyrir nokkrum árum fór flatormurinn að breiðast út. Hann tók sér far með blómum og settist að á Írlandi og víðar. Árið 1982 var hann kominn til Færeyja. Á Íslandi sást hann í gróðurhúsi í Reykjavík árið 1990 en ekki er vitað til að hann hafi breiðst út þaðan.

Þar sem flatormurinn sest að hverfa ánamaðkar brátt úr jörðu. Slíkt er mikill skaði því ánamaðkar hafa miklu hlutfverki að gegna í moldinni, eru mikilvæg fæða fuglanna og nauðsynleg beita fyrir fiska. Flatormurinn er hins vegar eitradur og nýtist engum.

Ljóst er að flatormurinn nýsjálenski gæti sest hér að og orðið hinn mesti skaðvaldur. Lífríki Íslands er viðkvæm keðja þar sem enginn hlekkur má bresta. Fækki ánamaðkum hljóðna ótal raddir loftans. Veiðimenn missa beitu sína og kettirnir – já hvað með kisu?



Inngangur: Byrja almennt / þrengja efnið  
Efnisyfirlýsing

1. efnisgrein

Brú milli efnisgreina

2. efnisgrein

Greinaskil

Fleiri efnisgreinar

Niðurstaða

Niðurlag: Vilkka efnið út aftur